



Neytendasamtökin

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. janúar 2019

Umsögn Neytendasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019-2033, 404. mál og þingsályktunartillögu um fimm ára fjarskiptaáætlun, 403. mál.

Vísað er til tveggja tölvupósta frá nefndasviði Alþingis sem bárust 12. desember 2018. Umsögn er gefin í einu lagi fyrir bæði málin, enda efni þeirra nátengd.

Neytendasamtökin fagna því að lögð sé fram skýr stefna í fjarskiptamálum fyrir næstu ár til að tryggja hag neytenda og styrkja samkeppni á fjarskiptamarkaði. Um er að ræða gríðarlega mikilvægt neytendamál, enda eru fjarskipti orðin stór hluti í daglegu lífi neytenda og með aukinni tækniþróun mun notkun fjarskipta aukast mikið á komandi árum. Mikilvægt er að tryggja gæði, öryggi, neytendavernd og samkeppni á þessum markaði, ásamt því að val neytenda á þjónustu sé eflt. Í þingsályktunartillögunni er lagt upp með að tryggja netöryggi og telja samtökin það afar mikilvægt atriði.

Að mati samtakanna er mikilvægt fyrir neytendur að nethlutleysi á markaði verði tryggt. Ótækt væri ef fyrirtæki gætu hægt á umferð gagna um netið eða takmarkað með öðrum hætti. Netið á að vera opið og fyrir alla á jafnréttisgrundvelli. Neytendasamtökin leggja því áherslu á að nethlutleysi á markaði verði tryggt með öllum nauðsynlegum leiðum.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að einkaréttur í póstpjónustu verði afnuminn og regluverð endurskoðað. Að mati samtakanna er jákvætt að auka samkeppni á póstmarkaði, en koma þarf í veg fyrir að verðlag hækkí, sökum smæðar landsins, og leggist á herðar neytenda.

Neytendasamtökin leggja áherslu á að litið sé til umhverfissjónarmiða á öllum sviðum markaðarins. Samtökin fagna því að í þingsályktunartillögunni sé litið sérstaklega til umhverfissjónarmiða og að lagt sé upp með að draga úr slæmum umhverfisáhrifum fjarskipta.

Að lokum benda Neytendasamtökin á mikilvægi eflingar samkeppni á fjarskiptamarkaði. Samtökin gera þá kröfu að valmöguleikar neytenda á þjónustu á öllum sviðum fjarskipta séu sem fjölbreyttastir. Neytendur eiga t.d. að geta valið hjá hvaða fjarskiptafyrirtæki þeir kaupa nettengingu og hafi kost á sjónvarpsþjónustu frá öðru fjarskiptafyrirtæki yfir sömu tengingu. Samtökunum hafa borist mörg erindi frá neytendum sem vilja nýta sér nettengingu hjá ákveðnu fjarskiptafyrirtæki, en kaupa sjónvarpsþjónustu hjá öðru fyrirtæki. Eins og staðan er í dag þá virðast fjarskiptafyrirtækin ekki heimila af einhverjum ástæðum sjónvarpsþjónustu annarra fyrirtækja yfir tengingar sínar. Að mati samtakanna er um gífurlegt neytendamál að ræða og aðkallandi að farið sé yfir þessi mál til að tryggja samkeppni á öllum sviðum markaðarins. Einnig er mikilvægt að tryggja samkeppni með því að leggja þær kvaðir á fjarskiptafyrirtæki að hafa verðskrár sínar skýrar og aðgengilegar. Samtökin gerðu nýlega könnun á aðgengi að verðskrá fjarskiptafyrirtækjanna á heimasíðum þeirra, en þar kom í ljós að í flestum tilvikum var afar erfitt að nálgast hana og í sumum tilvikum var það ekki hægt nema að nýta sér Google-leitarvefinn. Í þeim tilvikum þar sem gjaldskrá fannst þá var hún afar flókin og óskýr. Neytendasamtökin gera þá kröfu að fjarskiptafyrirtækjum sé gert skylt að hafa verðskrár sínar skýrar og aðgengilegar á forsíðu vefsíðna þeirra, þannig hægt sé að nálgast þær þar með einum smelli.

Að öðru leyti gerir undirritaður ekki athugasemdir við framangreinda þingsályktunartillögu að svo stöddu og lýsir yfir áhuga sínum á að mæta á fund nefndar til að gera betur grein fyrir afstöðu samtakanna.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna



Breki Karlsson, formaður